Unglingaflokkur kvenna:	Knattspyrnufélagið Haukar
Drengjaflokkur:	Íþrótt og ungmennafélagið Keflavík
Stúlknaflokkur:	Knattspyrnufélagið Haukar
11. flokkur karla:	Knattspyrnufélag Reykjavíkur
10. flokkur karla:	Ungmennafélagið Fjölnir
10. flokkur kvenna:	Knattspyrnufélagið Haukar
9. flokkur karla:	Ungmennafélagið Fjölnir
9. flokkur kvenna:	Knattspyrnufélagið Haukar

Úrslit í einstökum úrslitaleikjum urðu sem hér segir:

Meistaraflokkur karla:	Hamar/Selfoss - ÍR	81-83
Meistaraflokkur kvenna:	Keflavík – Haukar	77-78
Unglingaflokkur karla:	UMFN – Fjölnir	73-90
Unglingaflokkur kvenna:	Haukar- Keflavík	65-64
Drengjaflokkur:	Keflavík – Fsu	67-55
Stúlknaflokkur:	Keflavík - Haukar	47-61
11. flokkur karla:	KR – Fjölnir	88-64
10. flokkur karla:	Fjölnir – Fjölnir b	69-41
10. flokkur kvenna:	UMFH – Haukar	57-62
9. flokkur karla:	Hamar/Selfoss – Fjölnir	40-95
9. flokkur kvenna:	Haukar – Hamar/Selfoss	55-23

## POWERADE-BIKARINN

Meistaraflokkur karla:  
Meistaraflokkur kvenna:

Íþróttta og ungmennafélagið Keflavík  
Knattspyrnufélagið Haukar

### KARLAR

Undanúrslit  
Skallagrímur - Keflavík 81-88  
UMFN – KR 102-95

Úrslit  
UMFN – Keflavík 74-76

### KONUR

Undanúrslit  
Haukar – ÍS 80-42  
Keflavík – UMFG 89-108

Úrslit  
Haukar – UMFG 91-73

### MEISTARAKEPPNI

KARLAR  
UMFN - UMFG 87-76

KONUR  
Haukar - ÍS 70-48

### STJÖRNULEIKUR

Að þessu sinni var leikið í DHL-höllinni. Leikirnir fóru fram laugardaginn 13. janúar en voru ekki sýndir í sjónvarpinu. Leikirnir þóttu þó takast vel, það var góð mæting áhorfenda og tilþrifið voru glæsileg.

Axel Kárason sigraði í þriggja stiga skotkeppni karla og Hildur Sigurðardóttir sigraði hjá konunum.

KARLAR  
Ísland (Iceland Express liðið) – Erlendir leikmenn (Shell liðið) 120-142

KONUR  
Iceland Express liðið – Shell liðið 76-112



## FRAMHALDSSKÓLAMÓT

Ekkert framhaldsskólamót var haldið veturinn 2006-2007.

F.h. mótanefndar KKÍ  
Oddur Jóhannsson

## SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KARLA

Á liðnu ári var landsliðsnefnd skipuð þeim Hrannari Hólmi, Gísla Georgssyni, Gunnari Jóhannssyni, Páli Kolbeinssyni, Skarphéðni Eiríkssyni og Jóni Halldórssyni. Hrannar var formaður nefndarinnar. Framkvæmdastjórar KKÍ á árinu, Hannes Hjálmarsson og Friðrik Ingi Rúnarsson, störfuðu náið með nefndinni sem og formaður KKÍ, Hannes S Jónsson. Þjálfari landsliðsins var Sigurður Ingimundarson og aðstoðarmaður hans var Friðrik Ingi Rúnarsson. Matti Ósvald Stefánsson var íþróttanuddari liðsins.

Meginverkefni landsliðisins var fyrri umferðin í B-deild Evrópukeppninnar, en sú seinni verður leikin næsta haust. Auk Evrópukeppninnar tók liðið þátt í Norðurlandamóti í Noregi og fór í eina keppnisferð þar sem leiknir voru fimm leikir á fimm dögum í Hollandi og á Írlandi. Leikirnir á árinu 2006 voru alls 13 sem hér segir:

### Norðurlandamót

2. ágúst	Ísland - Finnland	73-81
3. ágúst	Ísland – Svíþjóð	69-81
4. ágúst	Noregur – Ísland	69-90
5. ágúst	Danmörk – Ísland	82-81

- 4 leikir, 1 sigur og 3 töp

### Æfingaferð

24. ágúst	Holland – Ísland	94-91
25. ágúst	Belgía – Ísland	88-92
26. ágúst	Svíþjóð – Ísland	75-63
27. ágúst	Ísland – Noregur	79-53
28. ágúst	Írland – Ísland	72-54

- 5 leikir, 2 sigrar og 3 töp

### Evrópukeppni, B-deild

6. sept	Ísland - Finnland	86-93
9. sept	Georgía – Ísland	80-65
13. sept	Ísland – Lúxemburg	98-76
16. sept	Austurríki – Ísland	85-64

- 4 leikir, 1 sigur og 3 töp  
- Alls 13 leikir, 4 sigrar og 9 töp

Segja verður að árangur A-landsliðs karla á árinu 2006 hafi ekki verið í samræmi við væntingar. Á Norðurlandamóti lentum við í fjórða sæti, náðum eingöngu að leggja Norðmenn en töpuðum naumlega gegn Dönum, en frekar sannfærandi gegn bæði Finnum og Svíum sem síðan urðu Norðurlandameistarar eins og oft áður.

Í æfingaferð til Hollands var árangurinn betri, naumt tap gegn heimamönnum og sigur gegn Belgum sem leika í A-deild. Aftur unnu okkar menn Norðmenn en töpuðu gegn Svíum að nýju. Síðasti leikurinn var gegn Írum á heimavelli þeirra og tapaðist hann, enda fimmti leikur á fimm dögum. Ágætir leikir í þessari keppnisferð gáfu tilefni til bjartsýni fyrir stærsta verkefni ársins enda var liðið fullskipað og leikmenn að nánast öllu leyti lausir við meiðsli.

Fyrsti leikurinn í Evrópukeppninni og líklega sá mikilvægasti var heimaleikur gegn Finnum. Vel var mætt í Höllina og stemmingin góð. Íslenska liðið lék firnavel í fyrri hálfleik en gaf verulega eftir í þeim síðari gegn stórum og sterkum Finnum. Fyrri hálfleikurinn í þeim leik var líklega sá besti á árinu, með þá Brenton Birmingham og Pál Axel Vilbergsson í fararbroddi, en dugði því miður ekki til sigurs.

Eftir tapið gegn Finnum var ljóst að á brattann yrði að sækja því andstæðingar okkar í B-deildinni eru ansi sterkir og til að eiga möguleika á að komast upp í A-deild er algert skilyrði að vinna alla heimaleiki. Enda kom það í ljós að útileikirnir töpuðust, gegn Georgíu og Austurríki, en heimaleikurinn gegn Lúxembúrg vannst örugglega með rúmum 20 stigum. Staðan eftir fyrri umferðina er sú að Ísland er í fjórða sæti af fimm þjóðum og eygir ekki lengur möguleika á því að vinna sér sæti í A-deild í þessari atrennu. Finnland og Georgía hafa unnið fjóra og þrjá leiki og standa með pálmann í höndunum.

Þessi úrslit gera að verkum að árið í ár verður að nýta til uppbyggingar því við fáum ekki tækifæri aftur fyrr en haustið 2008 til að reyna að nýju við A-deildina. Verkefni ársins verða seinni hluti Evrópukeppinnar og Ólympíuleikar smáþjóða í Mónakó snemma sumars.

Landsliðsnefnd ásamt þjálfara og aðstandendum þarf stöðugt að vera á tánum og velta fyrir sér hvað unnt sé að gera til að bæta árangur landsliðsins. Við viljum vera A þjóð, en það er ekki auðsótt, eins og árangurinn sýnir. Það er gömul saga og ný að hæðin er okkar helsta vandamál, að meðaltali eru okkar leikmenn 5-10 cm minni en andstæðingar, þetta á við um allar stöður, sér í lagi undir körfunum. Því þurfa allir sem að málinu koma, bæði frá landsliðum og frá félagsliðum að vinna saman undir stjórn landsliðsþjálfarans til að móta stefnu um hvernig byggja eigi upp hávaxna leikmenn. Þetta er margslungið mál og tekur á mörgum þáttum. Til að laða að hæfileikaríkustu börnin og unglíngana þarf karfan að komast á hærra stall á Íslandi, til að gera þá sem hefja æfingar betri þurfa æfingar að verða miklu meiri og markvissari, til að efla afreksmennina þurfa þeir að eiga þess kost að sinna eingöngu körfuboltanum. Ekki einfalt mál, enda kemur árangur ekki af sjálfu sér. Það er þó alveg ljóst og öruggt mál að án þess að eignast hávaxna leikmenn (þá er verið að tala um 2,10m og þar um bil) sem eru framarlega í flokki, mun róðurinn ávallt vera erfiður.

Ég vil þakka nefndarmönnum starfið á síðasta ári um leið og ég hlakka til að takast á við ný verkefni. Munum að það er allt hægt ef menn leggja sig fram. Það á einnig við hér.

Þeir leikmenn sem léku í karlalandsliði Íslands á árinu 2006 voru eftirtaldir:

Amar Freyr Jónsson	5 leikir
Axel Kárason	4 leikir
Brenton Birmingham	9 leikir
Egill Jónasson	13 leikir
Fannar Ólafsson,	9 leikir
Friðrik E. Stefánsson,	13 leikir
Helgi Már Magnússon,	13 leikir
Hlynur E. Bæringsson,	13 leikir
Jakob Örn Sigurðarson,	13 leikir
Jón Arnór Stefánsson,	8 leikir
Jón Nordal Hafsteinsson	13 leikir
Kristinn Jónasson	5 leikir
Logi Gunnarsson	13 leikir
Magnús Þór Gunnarsson,	13 leikir
Páll Axel Vilbergsson,	13 leikir

Fyrir hönd landsliðsnefndar,  
Hrannar Hólm, formaður



## SKÝRSLA KVENNALANDSLIÐSNEFNDAR 2006-2007

Í kvennalandsliðsnefnd eru Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir, Björg Hafsteinsdóttir, Stefanía Jónsdóttir, María Guðmundsdóttir og Bjarni Gaukur Þórmundsson.

Síðasta ár var sérstaklega skemmtilegt fyrir þær sakir að kvennalandsliðið tók í fyrsta skipti þátt í Evrópukeppni A-landsliða. Guðjón Skúlason var að stjórna sínum fyrstu leikjum og mun halda áfram með liðið enda seinni hluti keppinnar eftir. Við lentum í riðli með Hollandi, Írlandi og Noregi. Spilaðir voru 2 heimaleikir og 1 útileikur þetta árið. Til undirbúnings fyrir keppnina voru spilaðir æfingaleikir við dani í Danmörku. Thomas Fjoldberg, sem þjálfaði hér áður Breiðablik þjálfar nú lið Sisu og var spilaður einn leikur við þær ásamt því að sett var saman svokallað Kaupmannahafnarúrval gagngert til að spila æfingaleik við okkur.

Í tilefni þátttöku landsliðsins í fyrsta skipti í Evrópukeppni var ákveðið að bjóða öllum fyrrverandi landsliðskonum til samkundu fyrir fyrsta heimaleikinn sem var gegn Noregi í Keflavík. Tókst samkundan mjög vel, liðið ásamt þjálfaranum kom og sat fyrir svörum í afmarkaðan tíma. Var það álit nefndarinnar að svona nokkuð ætti að gera oftar til að búa til góða umgjörð fyrir landsliðið okkar.

Stjörnuleikurinn var haldinn að vanda og tókst hann vel.

### Æfingaleikir við Dani í ágúst 2006

Spilaðir voru tveir leikir, einn við félagsliðið Sisu og einn við hið svokallaða Kaupmannahafnarúrval. Farið var út föstudaginn 25. ágúst og komið heim sunnudaginn 27. ágúst. Guðjón valdi 12 stelpur til fararinnar, vannst leikurinn við Sisu en leikurinn við Kaupmannahafnarúrvalið tapaðist naumlega. Einnig voru teknar nokkrar æfingar til að slípa hópinn saman.

Eftirtaldar stelpur voru valdar til fararinnar:

Helena Sverrisdóttir	Haukar
Kristrún Sigurjónsdóttir	Haukar
Pálína M. Gunnlaugsdóttir	Haukar
Jovana L. Stefánsdóttir	Grindavík
Birna I. Valgarðsdóttir	Keflavík
Bryndís Guðmundsdóttir	Keflavík
María Ben Erlingsdóttir	Keflavík
Margrét Kara Sturludóttir	Keflavík
Helga Jónasdóttir	ÍS
Signý Hermannsdóttir	ÍS
Stella Rún Kristjánsdóttir	ÍS
Þórunn Bjarnadóttir	ÍS

**Þjálfari:** Guðjón Skúlason

**Sjúkrapþjálfari:** Björg Hafsteinsdóttir

**Fararstjórar:** María Guðmundsdóttir og Stefanía Jónsdóttir.

## Evrópukeppni landsliða

Eins og áður sagði tók kvennalandsliðið í fyrsta skipti þátt í Evrópukeppni landsliða. Spilaðir voru 3 leikir, 2 heimaleikir og einn útileikur. Heimaleikirnir voru við Noreg og Írland en útileikur við Holland. Heimaleikirnir voru spilaðir í Keflavík og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir allt saman, ómetanlega aðstoð og velvild. Útileikurinn var spilaður í Rotterdam í Hollandi.

<u>Dagsetning:</u>	<u>Staður:</u>	<u>Leikur:</u>	<u>Úrslit:</u>
9. sept.	Rotterdam	Ísland – Holland	61 - 66
16. sept.	Keflavík	Ísland - Noregur	47 - 69
23. sept.	Keflavík	Ísland – Írland	68 - 56

Eftirtaldir leikmenn voru í hópnum fyrir Íslands hönd í heimaleikjunum:

Hanna S. Hálfðanardóttir	Haukar
Helena Sverrisdóttir	Haukar
Kristrún Sigurjónsdóttir	Haukar
Pálína M. Gunnlaugsdóttir	Haukar
Sigrún S. Ámundadóttir	Haukar
Hildur Sigurðardóttir	Grindavík
Jovana L. Stefánsdóttir	Grindavík
Petrúnella Skúladóttir	Grindavík
Birna I. Valgarðsdóttir	Keflavík
Bryndís Guðmundsdóttir	Keflavík
María Ben Erlingsdóttir	Keflavík
Margrét Kara Sturludóttir	Keflavík
Helga Jónasdóttir	ÍS
Signý Hermannsdóttir	ÍS
Stella Rún Kristjánsdóttir	ÍS
Þórunn Bjarnadóttir	ÍS

**Þjálfari:** Guðjón Skúlason

**Sjúkrapþjálfari:** Björg Hafsteinsdóttir.

Eftirtaldir leikmenn voru í hópnum sem fór til Rotterdam:

Helena Sverrisdóttir	Haukar
Kristrún Sigurjónsdóttir	Haukar
Pálína M. Gunnlaugsdóttir	Haukar
Hildur Sigurðardóttir	Grindavík
Jovana L. Stefánsdóttir	Grindavík
Birna I. Valgarðsdóttir	Keflavík
Bryndís Guðmundsdóttir	Keflavík
Margrét Kara Sturludóttir	Keflavík
María Ben Erlingsdóttir	Keflavík
Helga Jónasdóttir	ÍS
Signý Hermannsdóttir	ÍS
Þórunn Bjarnadóttir	ÍS

**Þjálfari:** Guðjón Skúlason

**Sjúkrapþjálfari:** Björg Hafsteinsdóttir

**Fararstjórar:** Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir og Bjarni Gaukur Þórmundsson.

### Að lokum

Mikið framfaraskref hefur verið stigið með þátttöku kvennalandsliðsins í Evrópukeppninni. Við sáum það að við eigum svo sannarlega heima þarna og til að verða betri og efla okkur sem körfuboltaþjóð var þetta rétt ákvörðun. Nú er keppnin aðeins hálfnuð og fer seinni hluti hennar fram nú í september. Þá eigum við heimaleik gegn Hollandi sem fram fer laugardaginn 1. september að Ásvöllum í Hafnarfirði. Sá leikur er okkur mjög mikilvægur þar sem við setjum markið hátt. Við þurfum að vinna Holland til að eiga möguleika á því að komast áfram. Útileikurinn var mjög jafn allan tímann svo við eigum góða möguleika með góðum stuðning frá þér. Þess vegna viljum við hvetja alla sem vettlingi geta valdið til að koma og styðja stelpurnar – tókum daginn frá strax.

Fyrir hönd kvennalandsliðsnefndar,  
Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir



17 18 19 20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30 31 32 33 34 35 36 37 38 39 40 41 42 43 44 45 46 47 48 49 50 51 52 53 54 55 56 57 58 59 60 61 62 63 64 65 66 67 68 69 70 71 72 73 74 75 76 77 78 79 80 81 82 83 84 85 86 87 88 89 90 91 92 93 94 95 96 97 98 99 100

## SKÝRSLA UNGLINGNEFNDAR

### Norðurlandamót 2006

Ísland sendi fjögur unglingslandslíð, tvö drengja- og tvö stúlknaíð, til þátttöku á Norðurlandamótið sem haldið var í Svíþjóð 24. – 28. maí. Þetta voru líð drengja sem fæddir eru 1988 – 1989, þjálfari: Benedikt R. Guðmundsson, Drengir fæddir 1990 – 1991, þjálfari: Ingi Þór Steinþórsson. Stúlkur fæddar 1988-1989, þjálfari: Unndór Sigurðsson. Stúlkur fæddar 1990-1991, þjálfari: Yngvi Gunnlaugsson.

Aðalfararstjóri var Erlingur Hannesson, flokkstjórar: Björn M. Björgvinsson, Halldór B. Hreinnsson, Guðbjörg Norðfjörð og Þóra Melsted. Sjúkraþjálfarar voru Kolbrún Vala Jónsdóttir og Guðjón Karl Traustason.

Dómarar voru: Björgvin Rúnarsson, Einar Þór Skarphéðinsson, Erlingur Snær Erlingsson og Jón Guðmundsson.

U-18 ára landslíð karla. f. 1988-1989 var skipað eftirtöldum leikmönnum:

Sigurður Þorsteinsson	KFÍ
Haflór Björnsson	FSU
Sindri Kárasón	Fjölni
Hörður Hreiðarsson	FSU
Hjörtur Einarsson	Njarðvík
Þröstur Jóhannsson	Keflavík
Brynjar Björnsson	KR
Hörður A. Vilhjálmsson	Fjölni
Þórir Guðmundsson	KFÍ
Páll Kristinsson	Keflavík
Rúnar Erlingsson	Njarðvík
Hjörtur Ragnarsson	Þór Þ.

Úrslit leikja:

24. maí	Ísland – Svíþjóð	86-84
25. maí	Ísland – Noregur	78-63
26. maí	Ísland – Danmörk	95-94
27. maí	Ísland - Finnland	60-71

Leikur um 1. sæti

28. maí	Ísland – Svíþjóð	82-69	Norðurlandameistarar
---------	------------------	-------	----------------------

U18 ára landslið kvenna, f. 1988-1989 var skipað eftirtöldum leikmönnum:

Helena Sverisdóttir	Haukar
Sigrún Ámundardóttir	Haukar
Ingibjörg Skúladóttir	Haukar
Unnur Tara Jónsdóttir	Haukar
Bára F. Hálfánardóttir	Haukar
María Ben Erlingsdóttir	Keflavík
Bryndís Guðmundsdóttir	Keflavík
Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir	Keflavík
Margrét Kara Sturludóttir	Keflavík
Bára Bragadóttir	Keflavík
Hrönn Þorgrímsdóttir	Keflavík
Ragneiður Theodórsdóttir	Breiðablik

Úrslit leikja:

24. maí	Ísland – Svíþjóð	71-64
25. maí	Ísland – Noregur	82-47
26. maí	Ísland - Finnland	86-67
27. maí	Ísland – Danmörk	64-62

Leikur um 1. sæti

28. maí	Ísland – Svíþjóð	64-79	2. sæti
---------	------------------	-------	---------

U-16 ára landsliðs kvenna f. 1990-1991 var skipað eftirtöldum leikmönnum:

Kristín Fjóra Reynisdóttir	Haukar
Ragna Margrét Brynjarsdóttir	Haukar
Helena Brynja Hólm	Haukar
Klara Guðmundsdóttir	Haukar
Guðný Gígja Skjaldardóttir	Hörður
Salbjörg Ragna Sævarsdóttir	Kormákur
Lilja Ósk Sigmarsdóttir	UMFG
Alma Rut Garðarsdóttir	UMFG
Ingibjörg Jakobsdóttir	UMFG
Hugrún Eva Valdimarsdóttir	UMFS
Gunnhildur Gunnarsdóttir	Snæfell
Hafrún Hálfánardóttir	Hamar

Úrslit leikja:

24. maí	Ísland – Danmörk	43-59	
25. maí	Ísland – Svíþjóð	34-74	
26. maí	Ísland – Noregur	46-47	
26. maí	Ísland – Finnland	46-85	5. sæti

U-16 ára landslið karla f. 1990-1991 var skipað eftirtöldum leikmönnum:

Baldur Þór Ragnarsson	KR
Sigurður Ólafsson	KR
Ólafur Ólafsson	Grindavík
Víkingur Sindri Ólafsson	KR
Pétur Þór Jakobsson	KR
Arnþór Freyr Guðmundsson	Fjölnir
Þorgrímur Guðni Björnsson	Kormákur
Snorri Páll Sigurðsson	KR
Einar Ólafsson	UMF Reykdælum
Hjörtur Halldórsson	Breiðablik
Sigmar Björnson	Breiðablik
Örn Sigurðarson	Haukar

Úrslit leikja:

25. maí	Ísland – Finnland	67-70
25. maí	Ísland – Svíþjóð	45-89
26. maí	Ísland – Danmörk	78-74
27. maí	Ísland – Noregur	67-62

Leikur um 3. Sæti

28. maí	Ísland – Noregur	76-72	3. sæti
---------	------------------	-------	---------

### Evrópukeppni yngri landsliða

Fimm lið voru send til þátttöku í Evrópumótum. Drengir U16 (fæddir 1990 og síðar) tóku þátt í A- keppni á Spáni. Drengir U18 (fæddir 1988 og síðar) tóku þátt í A- keppni í Grikklandi. Drengir U20 (fæddir 1986 og síðar) tóku þátt í B- keppni í Portúgal. Stúlkur U16 (fæddar 1990 og síðar) tóku þátt í B- keppni í Finnlandi og stúlkur U18 (fæddar 1988 og síðar) tóku þátt í B- keppni á Ítalíu.

Eftirtaldir leikmenn skipuðu lið U16 (fæddar 1990 og síðar) sem tók þátt í B- deild Evrópukeppninnar í Finnlandi:

Guðbjörg Sverrisdóttir	Haukar
Lilja Ósk Sigmarsdóttir	UMFG
Lóa Dís Másdóttir	Kormákur
Ragna Margrét Brynjarsdóttir	Haukar
Klara Guðmundsdóttir	Haukar
Ingibjörg Jakobsdóttir	UMFG
Helena Brynja Hólm	Haukar
Alma Rut Garðarsdóttir	UMFG
Hafrún Hálfánardóttir	Hamar
Kristín Fjóla Reynisdóttir	Haukar
Gunnhildur Gunnarsdóttir	Snæfell
Salbjörg Ragna Sævarsdóttir	Kormákur

Eftirtaldir leikmenn skipuðu lið U18 (fæddar 1988 og síðar) sem tók þátt í B-deild Evrópukeppninnar á Ítalíu:

Bára Bragadóttir	Keflavík
Berglind A. Magnúsdóttir	Grindavík
Bryndís Guðmundsdóttir	Keflavík
Helena Sverrisdóttir	Haukum
Hrönn Þorgrímsdóttir	Keflavík
Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir	Keflavík
Margrét Kara Sturludóttir	Keflavík
María Ben Erlingsdóttir	Keflavík
Sigrún Sjöfn Ámundadóttir	Haukum
Unnur Tara Jónsdóttir	Haukum

Þjálfari var Unndór Sigurðsson, fararstjóri Guðbjörg Norðfjörð, sjúkraþjálfari Kolbrún Vala Jónsdóttir, aðstoðarmaður Óskar Ófeigur Jónsson. FIBA-dómarinn Björgvin Rúnarsson var með í ferðinni.

Úrslit leikja:

21. júlí	Ísland – Úkraína	69-82	
22. júlí	Ísland – Makedónía	78-57	
23. júlí	Ísland – Lettland	57-64	
25. júlí	Ísland – England	96-79	
26. júlí	Ísland – Portúgal	58-60	
27. júlí	Ísland – Makedónía	65-50	
29. júlí	Ísland – Finnland	79-76	
30. júlí	Ísland – Írland	63-71	11. sæti

Eftirtaldir leikmenn skipuðu lið U18 (fæddir 1988 og síðar) sem tók þátt í A- deild Evrópukeppninnar í Grikklandi:

Brynjar Þór Björnsson	KR
Hörður Axel Vilhjálmsson	Fjölnir
Emil Þór Jóhannsson	Fjölnir
Sindri Kárason	Fjölnir
Rúnar Ingi Erlingsson	Njarðvík
Hjörtur Hrafn Einarsson	Njarðvík
Þróstur Leó Jóhannsson	Keflavík
Sigurður Þorsteinsson	Keflavík
Páll Kristinsson	Keflavík
Hörður Helgi Hreiðarsson	FSU
Hafþór Björnsson	FSU
Þórir Guðmundsson	KFÍ

Þjálfari liðsins var Benedikt R. Guðmundsson, Erlingur Hannesson fararstjóri, Björn M. Björgvinsson aðstoðarmaður þjálfara, Katrín Klemensdóttir sjúkranuddari og FIBA dómari Kristinn Óskarsson voru einnig með í för.

Úrslit leikja:

18. júlí	Ísland – Spánn	55-98	
19. júlí	Ísland – Króatía	89-55	
20. júlí	Ísland – Frakkland	73-61	
22. júlí	Ísland – Lettland	78-98	
23. júlí	Ísland – Slóvenía	83-65	
24. júlí	Ísland – Ísrael	67-86	
26. júlí	Ísland – Þýskaland	63-92	
27. júlí	Ísland – Úkraína	102-86	15. sæti

Eftirtaldir leikmenn skipuðu lið U20 (fæddir 1986 og síðar) sem tók þátt í B- deild Evrópukeppinnar í Portúgal:

Jóhann Árni Ólafsson	Njarðvík
Adolf Hannesson	Skallagrímur
Heiðar Lind Hansson	Skallagrímur
Steingrímur Ingólfsson	Valur
Kristján Sigurðsson	Njarðvík
Daníel Guðmundsson	Njarðvík
Alexander Dungal	FSu
Vésteinn Sveinsson	FSu
Elvar Guðmundsson	ÍR
Darri Hilmarsson	KR
Birgir Björn Pétursson	KFÍ
Pavel Ermolinskij	Unicaja Malaga

Þjálfari var Einar Árni Jóhannsson. Aðstoðarmaður og fararstjóri var Bjarni Gaukur Þórmundsson og sjúkrþjálfari Guðjón Karl Traustason. FIBA dómari Sigmundur Már Herbertsson var með í för.

Úrslit leikja:

14. júlí	Ísland – Hollenskt	58-99	
15. júlí	Ísland - Georgía	80-89	
16. júlí	Ísland – Finnland	61-100	
18. júlí	Ísland – Slóvakía	71-68	
19. júlí	Ísland – Portúgal	61-86	
20. júlí	Ísland – Írland	77-76	
22. júlí	Ísland – Holland	87-98	
23. júlí	Ísland – Svíþjóð	65-101	12. sæti

## Úrvalsþúðir KKÍ

Sumarið 2006 voru haldnar tvennar Úrvalsþúðir, helgina 9.-10. júní og 25. – 26. ágúst. Félögin tilnefndu langt á annað hundrað efnilega krakka í æfingabúðirnar. Unglingalandsliðsþjálfarar stýrðu æfingum enda eru þær undanfari yngri landsliða Íslands.

Æfingabúðirnar voru fyrir stráka sem fæddir eru 1993-1995 og stelpur fæddar 1992-1994. Að þessu sinni komu um 60 stelpur í þúðirnar og voru sér æfingar fyrir þær.

Yfirumsjón úrvalsþúðanna var í höndum Benedikts R. Guðmundssonar en auk hans komu eftirtaldir þjálfarar að verkefninu: Einar Jóhannsson, Ingi Steinþórsson, Rob Hodgson yngri, Rob Hodgson eldri, Snorri Örn Arnaldsson, Bjarni Gaukur Þórmundsson, Stefán Borgþórsson og Finnur Stefánsson.

## Verkefni framundan hjá yngri landsliðum

Norðurlandamót í maí 2007

Stúlkur fæddar 1989 og síðar.

Stúlkur fæddar 1991 og síðar.

Drengir fæddir 1989 og síðar.

Drengir fæddir 1991 og síðar.

Þjálfari: Ágúst S. Björgvinsson

Þjálfari: Yngvi P. Gunnlaugsson


Þjálfari: Einar Árni Jóhannsson

Þjálfari: Benedikt R. Guðmundsson

## Breytingar á unglínganefnd

Síðastliðið haust lét Björn M. Björgvinsson af formennsku í unglínganefnd KKÍ og eru honum þökkuð vel unnin störf. Þóra Melsted tók við formennsku en auk hennar skipa nefndina nú: Anna María Sveinsdóttir, Erlingur Hannesson, Gréta María Grétarsdóttir, og Ragnar Matthías Sigurðsson.

F.h. unglínganefndar KKÍ  
Þóra Melsted





# SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR

## SKIPAN NEFNDARINNAR

Breytingar urðu á skipan dómarnefndar fyrir tímabilið, þar sem Snorri Örn Arnaldsson og Gunnar Freyr Steinsson voru skipaðir fulltrúar KKI í nefndinni í stað Hannesar S. Jónssonar og Helga Bragasonar. Sigmundur Már var að nýju skipaður fulltrúi KKDÍ í dómarnefnd. Snorri Örn var skipaður formaður nefndarinnar, en þurfti sökum anna að biðjast lausnar frá nefndarstörfum í lok nóvember. Hans sæti tók Bjarni Gaukur Þórmundsson.

## FUNDIR OG ÞREKPRÓF

Starf nefndarinnar hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár. Nefndin fundaði oft, auk þess sem fleiri hundruð símtöl og tölvupóstar fóru á milli nefndarmanna innbyrðis annars vegar og nefndarmanna og dómara hins vegar vegna forfalla, breytinga og ýmissa mála sem upp komu að starfi nefndarmanna snúa.

Í takt við það sem gerist víða erlendis hélt dómarnefnd tvö þrekpróf á tímabilinu og komu dómamarar almennt mjög vel út úr þeim.

## HAUSTFUNDUR

Venju samkvæmt var stærsti árlegi fundur körfuknattleiksdómara haldinn um miðjan september. Haustfundurinn var haldinn í Reykjanesakademíunni og fékk dómarnefnd að þessu sinni Richard Stokes, fyrrverandi FIBA dómara og núverandi forstöðumann dómaraeildar FIBA Europe, til að sjá um fyrirlestra og kennslu. Fundurinn tókst ákaflega vel og var dómurum gott veganesti inn í leiktíðina.

## FUNDUR MEÐ ÞJÁLFURUM

Í lok september var haldinn fundur að Ásvöllum í Hafnarfirði sem átti að vera fyrir alla starfandi dómara og þjálfara. Ætlunin var að fara yfir áherslur í dómngæslu fyrir veturinn. Skemmt er frá að segja að ekki einn einasti þjálfari mætti til fundarins, og er óhætt að segja að hvorki dómarnefnd né fyrirlesaranum, sem hafði lagt á sig mikla undirbúningsvinnu, var skemmt. Góð mæting var úr hópi dómara. Það er von dómarnefndar að næsti svona fundur verði betur sóttur af þjálfurum.

## STARFIÐ

Mikil mannekla í hópi dómara einkenndi störf nefndarinnar í vetur. Fyrir tímabilið lögðu alls sjö A og B dómamarar flautuna á hilluna af ýmsum ástæðum, auk þess sem nokkrir C dómamarar ákváðu að snúa sér að öðru. Enn aðrir dómamarar hafa verið meira eða minna meiddir í allan vetur og lítið sem ekkert getað dæmt.

Álagið á þeim sem eftir voru sagði til sín þegar leið á tímabilið, sem sést best á því að frá síðasta sumri hafa a.m.k. átta hné A og B dómara verið spegluð og nokkrar speglaðir til viðbótar fyrirsjáanlegar. Grínast hefur verið með það í hópi dómara að reyna að kría út hópafslátt.

Í einhverjum tilfellum gat dómarnefnd ekki mannað alla leiki sem settir voru á og þurfti því að tilkynna KKI það og þeim leikjum var þá frestað.

Alls raðaði dómarnefnd á rúmlega 900 leiki eða í ríflega 1800 störf þegar allt er talið.

## **FJÖLDI DÓMARA**

Eins og kom fram í opnu bréfi dómara nefndar til hreyfingarinnar þann 27. desember stefndi á tímabili í óefni í dómaramálum sökum manneklu. Staðan var einna verst á Suðurnesjum, þar sem einungis var að finna þrjá starfandi dómara. Óþarft er að fara nánar út í þessi mál, en þess í stað er áhugasömum bent á að lesa greinina á vef sambandsins, kki.is.

Dómara nefnd reyndi markvisst að haga því þannig að dómara lentu ekki í því að dæma fleiri en einn leik á dag, en þess í stað gerðist það allt of oft að menn væru að dæma fjóra daga í röð til að hægt væri að manna alla leiki. Eins og áður segir, sagði álagið til sín þegar leið á tímabilið.

## **KONUR Í DÓMGÆSLU**

Dómara nefnd lagði sitt af mörkum til körfuboltaárs kvenna, en í haust dæmdu í fyrsta sinn kona í efstu deild á Íslandi. Það var Indíana Sólveig Marquez sem dæmdu ásamt Rögnvaldi Hreiðarssyni leik ÍS og Keflavíkur í Iceland Express deild kvenna þann 30. október. Georgía Olga Kristiansen, fyrrverandi leikmaður í efstu deild, dæmdu einnig nokkra leiki í deildinni. Þann 22. febrúar dæmdu þessar tvær konur saman leik Hauka og Breiðabliks í Iceland Express deild kvenna.

## **TÖLVUKERFI FYRIR NIÐURRAÐANIR**

Fyrir tímabilið var útbúið vefkerfi sem nýtir sér m.a. Leikvarpið til að einfalda dómara nefnd störfin við niðurraðanir. Þar er m.a. hægt að skrá vaktaplön dómara og aðra þá daga sem þeir eru uppteknir við annað og geta ekki dæmt. Þetta einfaldar í sjálfu sér ekki það að raða niður, heldur er þarna komin sjálfvirk villuleit. Það hefur mun sjaldnar en áður komið fyrir í vetur að dómurum er raðað á leiki á umbeðnum frídögum eða hjá þeirra eigin félögum.

## **STYRKLEIKARÖÐUN DÓMARA**

Nokkrir dómara voru færðir á milli flokka í vetur.

Í A flokk úr B flokki: Guðni Eiríkur Guðmundsson og Jóhann Gunnar Guðmundsson.

Í B flokk úr C flokki: Georgía Olga Kristiansen, Indíana Sólveig Marquez og Þórður Guðsteinn Pétursson.

Í B flokk úr A flokki: Guðmundur Stefán Maríasson.

## **STÖRF DÓMARA ERLENDIS**

Á liðnu starfstímabili fóru eftirtaldir dómara tli starfa erlendis:

Björgvin Rúnarsson:

Norðurlandamót unglinga, í Svíþjóð, 24.-28. maí.

Evrópukeppni U18 stúlkna, B-deild, á Ítalíu, 21.-29. júlí 2006.

Evrópukeppni U16 stúlkna, B-deild, í Finnlandi 2.-12. ágúst 2006.

Evrópukeppni kvenna, B-deild, Bretland-Portúgal í Englandi 23. september 2006.

EuroCup karla, einn leikur í Hollandi 12. desember 2007.

Kristinn Óskarsson:

Evrópukeppni U18 drengja, A deild, í Grikklandi, 18.-27. júlí 2006.

Evrópukeppni karla, A deild, Danmörk-Lettland í Danmörku, 6. september 2006.

Euroleague kvenna í Frakklandi, 15. nóvember 2006.

EuroCup kvenna í Frakklandi 16. nóvember 2006.

EuroCup karla í Frakklandi 5. desember 2006.

Euroleague kvenna í Frakklandi 6. desember 2006.

EuroCup karla í Frakklandi 16. janúar 2007.  
EuroCup kvenna í Frakklandi 17. janúar 2007.

Sigmundur Már Herbertsson:

Evrópukeppni U20 drengja, B deild, í Portúgal, 14.-23. júlí 2006.  
Evrópukeppni U16 drengja, A deild, á Spáni, 11.-20. ágúst 2006.  
Evrópukeppni karla, A-deild, Danmörk-Króatía, 3. september 2006.  
EuroCup karla, í Eistlandi, 21. nóvember 2006.  
EuroCup karla, í Hollandi, 4. desember 2006.  
EuroCup kvenna, í Frakklandi, 8. febrúar 2007.  
Fór á námskeið á vegum FIBA Europe á Kanaríeyjum sumarið 2006.

Rögnvaldur Hreiðarsson:

Norðurlandamót karla, í Finnlandi, byrjun ágúst 2006.

Gísli Páll Pálsson:

Æfingaferð með A landsliði kvenna til Danmerkur, lok ágúst 2006.

Erlingur Snær Erlingsson:

Norðurlandamót unglunga, í Svíþjóð, 24.-28. maí.

Einar Þór Skarphéðinsson:

Norðurlandamót unglunga, í Svíþjóð, 24.-28. maí.

Jón Guðmundsson:

Norðurlandamót unglunga, í Svíþjóð, 24.-28. maí.

Pétur Hrafn Sigurðsson:

Eftirlitsmaður á öllum heimaleikjum Hauka, Keflavíkur og Njarðvíkur í Evrópukeppnum.  
Eftirlitsmaður í leik Finnlands og Rúmeníu í A-deild kvenna.  
Yfirmaður eftirlitsdómara í B-deild Evrópukeppni U16 drengja í Eistlandi í ágúst.

Að auki fóru Guðni Eiríkur Guðmundsson, Konráð Jóhann Brynjarsson, Georgía Olga Kristiansen og Davíð Tómas Tómasson á Scania Cup í Svíþjóð í apríl 2007.

## **DÓMARASJÓÐUR**

Á ársþingi KKÍ var samþykkt ályktun um að félög greiddu fasta upphæð í sérstakan sjóð sem ætlaður var til eflingar körfuknattleiksdómgæslu á Íslandi. Sjóðurinn var m.a. nýttur til að standa straum af kostnaði við haustfund og dómara námskeiðum. Dómaranefnd hefur í vetur unnið að reglugerð fyrir sjóðinn með það fyrir augum að nýta hann enn betur til eflingar á þessum mikilvæga málaflokki.

## **DÓMARANÁMSKEIÐ**

Um miðjan september var haldið fyrsta dómara námskeið vetrarins og frá því námskeiði hafa fjórir dómara dæmt leiki fyrir KKÍ í vetur. Eitt námskeið var haldið á Flúðum í lok nóvember og þaðan komu þrjú dómara til starfa. Reynt var að halda þrjú námskeið til viðbótar fyrir áramót (á Höfn í Hornafirði, höfuðborgarsvæðinu og á Vestfjörðum), en sökum ónógrar þátttöku þurfti að hætta við þau.

Eftir áramót voru haldin tvo námskeið með stuttu millibili, á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Sex manns hófu að dæma fyrir KKÍ í kjölfar námskeiðsins fyrir sunnan, en enginn af námskeiðinu á Akureyri.

Ef hægt væri að fjölga dómurum á næsta ári um 10-15 væri staðan að verða þolanleg, en okkar mat er að æskilegt væri að fá 20 nýja dómara til starfa næsta haust.

### **FRAMTÍÐARÁFORM**

Meðlimir dómaranefndar hafa enn ekki gert upp hug sinn um hvort þeir gefa kost á sér til áframhaldandi starfa á næsta keppnistímabili. Að sama skapi er óvíst hvort áfram verður leitað eftir starfskröftum nefndarmanna. Ljóst er að starf dómaranefndar verður síst auðveldara á næsta tímabili en það var í vetur, nema fjölgun dómara fari langt fram úr björtustu vonum.

### **ÞAKKIR TIL SAMSTARFSADILA**

Dómaranefnd vill þakka þeim Rúnar Birgi Gíslasyni og Oddi Jóhannssyni fyrir veitta aðstoð í vetur, en báðir voru þeir boðnir og búnir að aðstoða okkur á hven þann hátt sem þeir gátu.

Virðingarfyllst,  
Dómaranefnd KKÍ 2006-2007,  
Bjarni Gaukur Þórmundsson  
Gunnar Freyr Steinsson  
Sigmundur Már Herbertsson

## SKÝRSLA AGANEFNDAR

Aganefnd var óbreytt tímabilið 2006-2007. Hana skipuðu Ágúst Jóhannesson, Hrafn Johnsen og Ingimar Ingason.

29 mál bárust til meðferðar aganefndar keppnistímabilið 2006-2007. Það er 12 málum færri en á tímabilinu á undan. Allar kærurnar voru frá dómurum. Langflestar kærur voru á hendur leikmönnum eða 23 talsins. 5 kærur voru á hendur þjálfurum og 1 á hendur félagi.

24 kærur voru vegna leikja í meistaraflokki karla, 2 vegna leikja í meistaraflokki kvenna, báðar á hendur þjálfurum, 2 vegna drengjaflokks og ein vegna 11. flokks karla.

Af þessum 29 málum sem að bárust aganefnd, voru aðilar úrskurðaðir í leikbönn í 26 tilvikum. 1 máli var vísað frá og 2 fengu áminningu.

Niðurstaðan varð eins leiks bann í 18 málum, 6 fengu tveggja leikja bann og tveir fengu þrjá leiki í bann.

F.h. aganefndar  
Oddur Jóhannsson

Handwritten text, possibly a list or notes, located in the upper center of the page. The text is very faint and difficult to read.





# Ársreikningur

2006

Körfuknattleikssamband Íslands

## REKSTRARREIKNINGUR 2006

## TEKJUR:

	Skýr.	<u>2006</u>	<u>2005</u>
Framlög og styrkir .....	1	15.817.924	19.507.798
Tekjur af leikjum .....	2	10.075.000	6.083.259
Auglýsingatekjur .....	3	8.978.821	6.737.467
Landslið .....	4	7.356.593	9.696.105
Fræðslu- og útbreiðslustarfsemi .....		35.095	4.900
Aðrar tekjur .....	5	8.000.767	13.803.756
Vaxtatekjur .....		265.319	965.669
		<u>50.529.519</u>	<u>56.798.954</u>

## GJÖLD:

Yfirstjórn .....	6	22.733.112	17.028.035
Þjálfun og kennsla .....	7	1.853.231	957.500
Íþróttaleg viðskipti .....	8	30.574.996	26.331.188
Kynning, fræðsla og útbreiðslustarfsemi .....		1.079.396	1.639.210
Rekstur mannvirkja .....		876.540	785.388
Önnur gjöld .....	9	5.933.299	10.445.629
Vaxtagjöld .....		1.405.347	1.265.162
		<u>64.455.921</u>	<u>58.452.112</u>

Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur)	<u>(13.926.402)</u>	<u>(1.653.158)</u>
---	---------------------	--------------------



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

	<u>2006</u>	<u>2005</u>
<b>1. FRAMLÖG OG STYRKIR:</b>		
Lottó .....	6.215.428	7.099.483
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ .....	1.455.696	1.369.614
Aðrir styrkir .....	8.146.800	11.038.701
	<b>15.817.924</b>	<b>19.507.798</b>
<b>2. TEKJUR AF LEIKJUM:</b>		
Þátttökugjöld á Íslandsmóti .....	8.585.000	5.095.000
Bikarkeppni .....	1.490.000	1.005.000
Önnur mót .....	0	(16.741)
	<b>10.075.000</b>	<b>6.083.259</b>
<b>3. AUGLÝSINGATEKJUR:</b>		
Sjónvarpsréttindi .....	800.000	350.000
Ýmsir auglýsingasamningar .....	8.178.821	6.387.467
	<b>8.978.821</b>	<b>6.737.467</b>
<b>4. LANDSLIÐ:</b>		
A - landslið .....	1.050.093	3.770.042
Unglingalandslið .....	6.156.500	5.926.063
Kvennalandslið .....	150.000	0
	<b>7.356.593</b>	<b>9.696.105</b>
<b>5. AÐRAR TEKJUR:</b>		
Innheimt v/ferðalaga dómara .....	4.997.867	8.499.156
Sektargreiðslur .....	393.400	2.472.300
Félagaskipti .....	2.609.500	2.832.300
	<b>8.000.767</b>	<b>13.803.756</b>

# KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

## SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

	<u>2006</u>	<u>2005</u>
<b>6. YFIRSTJÓRN:</b>		
Laun starfsmanna og launatengd gjöld .....	14.965.996	11.108.503
Sími og burðargjöld .....	794.677	605.911
Pappír, prentun og ritföng .....	221.065	385.063
Bókhaldskostnaður .....	494.318	721.660
Viðhald áhaldna .....	133.210	23.610
Tölvukostnaður .....	815.653	294.071
Þinghald, fundir og ráðstefnur .....	3.873.713	2.615.303
Fjölmiðlavaktin .....	99.380	110.871
Gjafir og viðurkenningar .....	53.099	465.983
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	552.903	38.205
Annar kostnaður .....	729.098	658.855
	<u>22.733.112</u>	<u>17.028.035</u>
 <b>7. ÞJÁLFUN OG KENNSLA:</b>		
A-landslið .....	190.000	0
Unglingalandslið stúlkna og drengja .....	1.158.900	688.500
Kvennalandslið .....	460.000	269.000
Annar þjálfunarkostnaður .....	44.331	0
	<u>1.853.231</u>	<u>957.500</u>
 <b>8. ÍPRÓTTALEG VIÐSKIPTI:</b>		
Íslandsmót .....	1.248.944	1.224.193
Bikarkeppni .....	37.246	338.857
A-landslið .....	10.327.409	8.770.585
Unglingalandslið stúlkna og drengja .....	15.062.344	12.240.329
Kvennalandslið .....	3.445.665	3.176.524
Önnur mót og leikir .....	453.388	580.700
	<u>30.574.996</u>	<u>26.331.188</u>

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

	<u>2006</u>	<u>2005</u>
<b>9. ÖNNUR GJÖLD:</b>		
Ferðakostnaður dómara .....	4.997.867	8.499.153
Annar kostnaður .....	891.294	1.946.476
Afskriftir tækja .....	44.138	0
	<u>5.933.299</u>	<u>10.445.629</u>
<b>10. EIGIÐ FÉ:</b>		
Skuldir umfram eignir 1/1 .....	(6.660.930)	(5.007.772)
Gjöld umfram tekjur skv. rekstrarreikningi .....	(13.926.402)	(1.653.158)
	<u>(20.587.332)</u>	<u>(6.660.930)</u>
<b>11. VIÐSKIPTAKRÖFUR:</b>		
Félögin .....	5.890.694	7.238.444
Óbein afskrift viðskiptakrafna .....	(1.400.000)	(2.200.000)
Aðrar viðskiptakröfur .....	1.084.950	2.355.936
	<u>5.575.644</u>	<u>7.394.380</u>
<b>12. VIÐSKIPTASKULDIR:</b>		
FIBA .....	2.927.444	2.900.853
Icelandair .....	1.490.365	2.704.709
Iceland Express .....	428.867	
ÍSí .....	1.307.240	
Dómarasjóður .....	1.907.609	0
Aðrir lánadrottmar .....	2.659.677	991.036
	<u>10.721.202</u>	<u>6.596.598</u>


## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2006


	Skýr.	<u>2006</u>	<u>2005</u>
<b>EIGNIR:</b>			
Bankainnistæður .....		66.127	64.718
Viðskiptakröfur .....	11	5.575.644	7.394.380
Skrifstofuáhöld og tæki .....		120.000	164.138
		<u>5.761.771</u>	<u>7.623.236</u>
 <b>SKULDIR:</b>			
Langtímalán .....		3.661.019	0
Skuld við lánastofnanir .....		7.445.882	3.763.607
Viðskiptaskuldir .....	12	10.721.202	6.596.598
Ýmsar skammtímaskuldir .....		4.521.000	3.923.961
Skuldir umfram eignir 31. desember .....	10	(20.587.332)	(6.660.930)
		<u>5.761.771</u>	<u>7.623.236</u>

Við undirrituð höfum yfirlit framanskráðan  
ársreikning Kjörfuknattleikssambands Íslands, sem  
saminn er eftir bókhaldi þess.

Álítum við að reikningurinn gefi rétta mynd af  
efnahag sambandsins 31. desember og veiti nægilegar  
upplýsingar um rekstur þess á síðasta starfsári.

Reykjavík, 30. apríl 2007

  
-----  
Ottó Hafliðason

  
-----  
Gísli Friðjónsson

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

SJÓÐSSTREYMI	2006
Afkoma ársins .....	(13.926.402)
Afskriftir .....	44.138
Viðskiptakröfur .....	1.818.736
Viðskiptaskuldir .....	4.124.604
Ýmsar skammtímaskuldir .....	597.039
	<u>(7.341.885)</u>
Fjárfestingar í skrifst.búnaði ....	0
Breyting á skammtímalánum ...	3.682.275
Breyting á langtímalánum .....	3.661.019
	<u>7.343.294</u>
Breyting á sjóði .....	1.409
Sjóður 1/1 .....	64.718
Sjóður 31/12 .....	<u>66.127</u>

